

Viðskiptaþing 2015

„Tölván segir nei: Hvernig má innleiða breytingar hjá hinu opinbera?“

## Ræða varaformanns Viðskiptaráðs Íslands

Sigrún Ragna Ólafsdóttir

### Forsætisráðherra, félagar Viðskiptaráðs og aðrir góðir gestir,

Það er gaman að sjá hversu fjölbreytt flóra fólks er mætt hér í dag og fyrir hönd Viðskiptaráðs vil ég þakka ykkur öllum fyrir að mæta á Viðskiptaþing.

Hið opinbera hefur áhrif á líf allra með margvíslegum hætti og okkur varðar öll um hvernig það starfar.

Við stöndum á ákveðnum krossgötum í dag. Fjárlagahallinn hefur verið brúaður og því ber að fagna. Engu að síður hefur leiðin að því marki einkum falist í skattahækkunum og samdrætti í fjárfestingum, sem vekur vissulega upp spurningar um sjálfbærni aðhaldsaðgerðanna. Eins og komið hefur fram hér í dag er einnig fyrirsjáanlegt að breytt aldurssamsetning þjóðarinnar muni skapa enn frekari þrýsting á útgjöld hins opinbera í náinni framtíð. Það er því mikilvægara en nokkru sinni að auka hagkvæmni í opinberum rekstri. Núna er tíminn til breytinga.

Með markvissum aðgerðum má komast hjá því að líf skjör Íslendinga dragist aftur úr nágrennalöndum á komandi áratugum. Þar skiptir meginmáli að forgangsraða verkefnum hins opinbera og auka framleiðni í rekstri þess. Samhliða er mikilvægt að verðmætasköpun fái að þrífast hér á landi og að sú umgjörð sem hið opinbera skapar stuðli að samkeppnishæfni atvinnulífs og nýsköpun.

Til að hægt sé að ná þessum markmiðum þarf í mörgum tilfellum að ráðast í kerfisbreytingar. Við í Viðskiptaráði vonumst til þess að erindin í dag og rit Viðskiptaþings séu til þess fallin að skapa grundvöll fyrir markvissa og málefnalega umræðu um forgangs röðun hjá hinu opinbera og varpa skýrara ljósi á þær breytingar sem nauðsynlegt er að ráðast í.

Þrátt fyrir að sterk rök og stjórn mála legur vilji sé til staðar fyrir breytingum og viðamiklar tillögur til umbóta liggja fyrir hefur innleiðing breytinga reynst erfið. Til þess að unnt verði að innleiða kerfisbreytingar er lykilatriði að viðhorf og umræða breytist. Ólíkir hópar þurfa að fara úr liðstreyjunum og sameinast um nauðsynlegar aðgerðir. Gera þarf greinarmun á þeim málum þar sem ágreiningur ríkur um sjálfar breytingarnar og þeim málum þar sem deilt er um útfærslu. Með öðrum orðum þarf að koma stærri hluta umræðunnar upp úr skotgröfunum.

Til að lífskjör á Íslandi geti orðið með besta móti þarf að ríkja einhugur á meðal stjórnvalda, atvinnulífs og íbúa landsins um að byggja hér upp kjöraðstæður til verðmætasköpunar. Takist vel til er til mikils að vinna.

Viðskiptaráð býður ykkur nú að þiggja ljúffengar veitingar. Ég treysti því að þetta verði eina umræðuefnið yfir kokteilnum.

Um leið og ég þakka ykkur fyrir komuna segi ég þessu Viðskiptaþingi hér með slitið.